

Nd.

36. Frumvarp til laga

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 101 23. júní 1936.

Flm.: Gísli Sveinsson, Thor Thors.

1. gr.

Í stað orðanna „Sáðsléttur í túni kr. 2.00 á 100 m²“ í 9. gr. III. f. jarðræktarlaga, nr. 101 23. júní 1936, komi: Sáðsléttur í túni kr. 2.50 á 100 m².

2. gr.

11., 12. og 13. gr. laganna falli burt, en í stað þeirra komi ein grein, svo hljóðandi:

Hámarksstyrkur til hvers býlis má nema:

Til byggingar safngryfja og haughúsa allt að kr. 2000.00
og til þurrheyshlöðubygginga kr. 750.00.

Hámarksstyrkur á ári til jarðræktar fyrir hvert lögbýli, sem fengið hefir innan við 6000 kr. í styrk til ræktunar, má nema allt að kr. 600.00.

Nú hefir býli fengið 6000 krónur í styrk til jarðræktar, og má árshámarkið þá nema allt að 300 krónum.

Hámarksákvæði þessi taka ekki til votheyslööðubygginga eða framræslu.

Hámarksstyrkur á ári til einstaklinga, er eigi hafa lögbýli til ábúðar og fengið hafa innan við 3000 kr. í styrk til ræktunar, má nema allt að 300 krónum.

Hafi maður, sem eigi hefir lögbýli til ábúðar, fengið 3000 kr. í jarðræktarstyrk, má styrkurinn nema allt að 150 kr. á ári.

Nú er jörð skipt í tvö eða fleiri lögbýli, og skiptist þá upphæð þess styrks, er hún hefir fengið samkvæmt 9. grein, milli hýlanna eftir mati trúnaðarmanns Búnaðarfélagss Íslands, og fer þá um framhaldsstyrk til hvers býlis samkvæmt því mati.

Séu býli sameinuð í ábúð eins manns, skal leggja saman jarðabótastyrk þann, er þau hafa notið, og veitist þeim síðan styrkur sem eitt býli væri.

3. gr.

16. og 17. gr. laganna falli burt.

4. gr.

Ákvæði laganna til bráðabirgða falli burt.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var borið fram á síðasta þingi, en varð ekki úrætt. Þykir nauðsynlegt að láta það enn koma fram (einkánlega vegna 17. gr. jarðræktarlaganna), og vísast um efni þess til grg., er fylgdi því síðast.

Nánar í framsögu.